Hæstaréttardómar.

Útgefandi: **Hæstiréttur.**

XVIII. árgangur. **1937.**

Mánudaginn 11. janúar 1937.

Nr. 163/1936. **Sturla Jónsson** (Theódór B. Lindal)
gegn
Hrefnu Sigurgeirsdóttur (Enginn).

Fjárnámsgerð áfrýjað til staðfestingar.

Dómur hæstaréttar.

Með hæstaréttardómi, uppkveðnum 19. júní f. á., var staðfestur dómur gestaréttar Reykjavíkur frá 18. apríl f. á., en með þeim dómi var stefnda, Hrefna Sigurgeirsdóttir, og þrír menn aðrir dæmd til þess að greiða in solidum áfrýjanda, Sturlu Jónssyni, kr. 2000.00 með 6% ársvöxtum frá 15. júní 1935 til greiðsludags, ⅓% upphæðarinnar í þóknun, kr. 14.10 í afsagnarkostnað og kr. 238.10 í málskostnað. Svo var stefnda og með nefndum hæstaréttardómi dæmd ásamt sömu mönnum til þess að greiða áfrýjanda in solidum málskostnað fyrir hæstarétti með kr. 300.00.

Með fjárnámsbeiðni, dags. 30. júní f. á., fór áfrýjandi þess á leit, að gert yrði fjárnám hjá hinum dómfelldu til tryggingar ofangreindum upphæðum, ásamt kostnaði. Fór síðan fram fjárnámsgerð í fógetarétti Reykjavíkur hinn 15. júlí f. á., og var fjárnámi tekin húseignin nr. 68 við Laugaveg ásamt tilheyrandi lóð og mannvirkjum, sem talin var eign

stefndu, en sjálf var hún ekki viðstödd fjárnámsgerðina.

Fjárnámsgerð þessari áfrýjaði stefnda með hæstaréttarstefnu, útgefinni 10. okt. f. á., til hæstaréttar til breytingar og skyldi málið þingfest í desembermánuði f. á. Af hálfu áfrýjanda var fjárnámsgerðinni þá áfrýjað til hæstaréttar til staðfestingar með gagnáfrýjunarstefnu, dags. 15. okt. f. á., og skyldi staðfestingarmálið einnig þingfest í desembermánuði. Er málin féllu í rétt hinn 19. desember f. á., var enginn mættur af hálfu stefndu, og féll aðalsökin þannig niður. Áfrýjandi hélt hinsvegar áfram staðfestingarmálinu, og hefir það verið flutt skriflega eftir 1. lið 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112/1935, og er dæmt samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum.

Áfrýjandi gerir þær réttarkröfur, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði staðfest og stefnda dæmd til að greiða honum hæfilegan málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati réttarins. Og með því að ekkert liggur fyrir í skjölum málsins, sem fer í bága við kröfu áfrýjanda um staðfestingu fjárnámsgerðarinnar, ber að taka hana til greina.

Með því að stefnda hafði með áfrýjun af sinni hálfu til breytingar veitt áfrýjanda ástæðu til sinnar áfrýjunar, þykir rétt að dæma hana til að greiða áfrýjanda 150 krónur í málskostnað í hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð staðfestist.

Stefnda, Hrefna Sigurgeirsdóttir, greiði áfrýjanda, Sturlu Jónssyni, 150 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.